

Reglur um kjör íþróttamanns ársins í Strandabyggð

1. grein - Umsjónaraðili

Tómstunda-, íþróttá- og menningarnefnd Strandabyggðar útnefnir íþróttamann Strandabyggðar í janúarmánuði ár hvert.

2. grein - Markmið

Útnefningunni er ætlað að vera viðurkenning fyrir unnin íþróttáafrek eða annað framlag til íþróttastarfs á liðnu ári og hvatning til enn frekari afreka í framtíðinni.

3. grein - Verðlaun

Íþróttamaður Strandabyggðar fær afhentan farandbikar sem Íþróttafélag lögreglunnar á Hólmavík er gefandi að. Bikarinn skal vera í vörslu hans í eitt ár. Strandabyggð sér um að nafn handhafa sé letrað á bikarinn og greiðir kostnað þar að lútandi.

4. grein - Skilyrði

Íþróttamaður ársins í Strandabyggð þarf að hafa náð 16 ára aldri og vera búsettur með lögheimili í Strandabyggð á árinu. Þó er heimilt að velja unglíng 14–16 ára sem hefur náð það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni grein.

5. grein - Val á íþróttamanni ársins í Strandabyggð

Val á íþróttamanni ársins í Strandabyggð er í höndum Tómstunda-, íþróttá- og menningarnefndar Strandabyggðar. Íþróttamaður ársins þarf ekki að vera bundinn íþróttá- eða ungmennafélagi.

Nefndin skal komast að niðurstöðu með málefnalegri umræðu. Nefndinni er frjálst að leita eftir tillögum á hvern þann veg sem hún vill.

Ef ekki er einróma niðurstaða skal halda kosningu. Hún fari þannig fram að hver og einn fulltrúi í nefndinni raðar þremur einstaklingum í fyrsta, annað og þriðja sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað (2.) sæti gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig. Stigahæsti einstaklingurinn vinnur kosninguna. Séu færri en þrjú einstaklingar á atkvæðaseðli ógildir það seðilinn.

Við val á íþróttamanni ársins skal Tómstunda-, íþróttá- og menningarnefnd taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi, ástundunar, þrúðmennsku, framfara og þess að viðkomandi aðili sé góð fyrirmynd í hvívetna.

6. grein – Hvatningarverðlaun

Á sama hátt og Tómsunda-, íþrótt- og menningarnefnd útnefnir íþróttamann ársins í Strandabyggð skal velja einn einstakling eldri en 12 ára sem hlýtur svokölluð Hvatningarverðlaun Strandabyggðar.

Verðlaunin skulu veitt íþróttamanni sem sýnir ríkan áhuga á sinni íþróttagrein, er góður félagi og góð fyrirmynd.

7. grein – Afhending

Afhending viðurkenninganna skal fara fram með viðhöfn og er það í höndum Tómsundanefndar Strandabyggðar að skipuleggja dagskrá, stað- og tímasetningu hverju sinni.